



Helstu atriði úr umsögn LÍU, SF og SA um frumvörp til laga um stjórn fiskveiða og frumvarp til laga um veiðigjöld og áhrif frumvarpanna á atvinnugreininna

Kynning fyrir atvinnuveganefnd Alþingis, 7. maí 2012

- Samtökin eru í öllum aðalatriðum ósammála efni frumvarpanna og leggja til að þau nái ekki fram að ganga
- Frumvörpin hafa verið unnin án nokkurs samráðs við hagsmunaaðila og þá sem þekjja til reksturs fyrirtækja sem stunda veiðar og vinnslu sjávarafurða.
- Samtökin fordæma þau vinnubrögð sem viðhöfð voru við samningu lagafrumvarpanna og treysta því að Alþingi taki tillit til þeirra alvarlegru athugasemda sem fram koma í þessari umsögn sem og frá fjölmörgum öðrum aðilum.
- Frumvörpin fela í sér að verið er að breyta núgildandi fiskveiðistjórnunarkerfi í skattkerfi.

- Búið er að gerbreyta allri hugsun við stjórn fiskveiða og hvötum aðila í greininni í umgengni við auðlindina sem og rekstri fyrirtækja.
- Með frumvörpunum er lagt til að breyta grundvallarforsendum í rekstri fyrirtækjanna með að banna frjálst framsal aflahlutdeildar, auka pólitíska úthlutun aflaheimilda og innleiða ofurskattlagningu sem leiða mun til fjöldagjaldbrota í greininni.
- Það er of mikið í húfi til að reynt verði að lappa upp á frumvörpin á þeim skamma tíma sem eftir lifir af starfstíma Alþingis.
 - Lagt er því til að hafin verði vinna við endurskoðun laga um stjórn fiskveiða í samstarfi stjórnvalda og atvinnugreinarinnar

NOKKUR ALMENN ATRIÐI

Stöðu greinarinnar er ógnað

- Verði frumvörpin að lögum munu þau augljóslega kollvarpa rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, aflahlutdeildir verða gerðar upptækar og verðlausar á næstu 20 árum, stórauka skattheimtu á sjávarútveginn með þeim hætti að í raun er um eignaupptöku að ræða, innleiða skammtímasjónarmið sem grafa undan ábyrgri nýtingu nytjastofna og auka verulega óvissu í atvinnugreininni.
- Sjávarútvegurinn mun smám saman dragast aftur úr öðrum atvinnugreinum, keppinautum sínum í öðrum löndum og laun sjómanna og annars starfsfólks rýrna.
- Fjárfestingar munu minnka, rannsóknir og nýsköpun biða hnekki og langtímahugsun mun vikja fyrir skammtímaráðstöfunum.

Áhrif á gengi íslensku krónunnar

- Verði frumvörpin að lögum er óhjákvæmilegt að þau stuðli að velkara gengi krónunnar.
 - Styrkur gjaldmiðilsins til lengri tíma ræðst fyrst og fremst af skilvirkni atvinnulífsins, ekki síst útflytningargreina, og framleiðniþróun í samanburði við keppinauta á alþjóðlegum markaði.
 - Áformaðar breytingar munu draga strax úr skilvirkni sjávarútvegsins og hamlar getu hans til framþróunar, aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar til lengri tíma.
- Raungengi krónunnar, þ.e. innlend launa- og verðlagsþróun í erlendri mynt, mun láta undan síga enn frekar en orðið er og valda síversnandi lífskjörum almennings.
- Hætt er við að sú þróun muni stuðla að stöðugum kjaraátökum og ófriðli á vinnumarkaði þar sem launabegasamtök muni leitast við að endurheimta fyrri kaupmátt sem ekki verður innstæða fyrir og því muni afleiðingarnar birtast í stigmagnandi vixlverknum gengislökkana, verðbólgu og kauphækkana sem af illu einu eru þekktar frá áttunda og niunda áratug síðustu aldar.

Skattlagning landsbyggðarinnar

- Frumvörpin ógna tilveru fyrirtækja sem tengjast og byggja á rekstri sjávarútvegsfyrirtækja, setja hag og framtíð starfsmanna fyrirtækja í uppnám og skapar mikla óvissu um hagsmuni margra byggðarlaga.
- Augljóst er að stóraukin skattlagning á sjávarútvegsfyrirtækin mun hafa alvarleg áhrif á landsbyggðina enda eru sjávarútvegsfyrirtækin burðarásar í fjölmörgum samfélögum á landsbyggðinni

Kjarasamningar sjómanna

- Ein afleiðing þessara frumvarpa er sú að með þeim er vegið að hlutaskiptakerfi gildandi kjarasamninga sjómanna og útgerðarmanna.
- Kerfið mun ekki geta staðið óbreytt eftir svona grundvallarbreytingu og slíkt kallar á heildarendurskoðun sem mun fyrirsjánlega leiða til alvarlegra átaka á vinnumarkaði.

Framsalstakmarkanir

- Framsal aflahlutdeildar hefur verið drifkraftur þeirrar hagræðingar og framþróunar sem átt hefur sér stað í íslenskum sjávarútvegi eftir að aflahlutdeildarkerfið var tekið upp.
- Með frumvarpinu er boðað að framsal aflahlutdeilda verði bannað við upphaf fiskveiðilársins 2032.
- Samtökin mótmæla þessu ákvæði harðlega, sem og ákvæði 2. mgr. 12. gr. um að skerða aflahlutdeild um 3% við framsal fram til þessa tíma, og ákvæði í 3. mgr. 12. gr. um skerðingu framsals aflahlutdeilda ef aflamark er hærra en aflamark ársins 2011/2012.

Framsalstakmarkanir, frhld.

- Ríkið hirðir 3% við „aðillaskipti“, kaup, sala, sameining, yfirtaka
- Vannýtt aflamark
- Reiknireglja 3. mgr. 12. gr. um hámark á framsali mv. heildarafia 2011/2012, er óljós og algerlega órökstudd
- Framsal aflahlutdeilda verður bannað 2032
- Framsal aflamarks takmarkað við 33% sem unnið inn með veiðum að frátöldum 5%
 - Skipti heimiluð.
- Framsal aflahlutdeilda takmarkað ef yfir 20% aflaheimilda byggðarlags eða sveitarfélags.
 - Forgangsréttur v. byggðasjónarmiða v. „umtalsverðra neikvæðra áhrifa í atvinnu og byggðalögu tilliti sökum hlutfallslegs mikilvægis sjávarútvegs í viðkomandi sveitarfélagi eða byggðarlagi“.
 - Ráðherra framselt mikið vald, án lagalegra takmarkana

Takmarkanir skerða stjórnarskrávarin réttindi

- Þessar takmarkanir á framsali verða stjórnarskrávarin atvinnuréttindi handhafa aflahlutdeilda, sbr. 72. gr. stjkskr.
 - Sérstaklega bannið við framsal aflaheimilda eftir 2032
- Öll ákvæðin eru til þess fallin að hindra framfarir og draga úr hagkvæmni sjávarútvegsins.

Skerðing aflahlutdeilda

- Fyrirhuguð upptaka aflaheimilda hefur mjög skaðleg á afkomu viðkomandi fyrirtækja og tekjur þeirra sem hjá þeim starfa.
 - Þá felur það í sér mismunun að skerða sumar fiskteygundir umfram aðrar.
- Þegar aflamark í þorski var minnkað úr 193 þúsund tonnum í 130 þúsund tonn árið 2007 vegna ástand stofnsins lýstu bæði forsætisráðherra og sjávarútvegsráðherra því yfir að aukning síðar kæmi til þeirra sem tækju á sig skerðingarnar, enda er það grundvallaratriði í aflahlutdeildarkerfinu.
 - Með frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða og öðrum aðgerðum sem þegar hafa skert aflamark samkvæmt aflahlutdeild verða þau loforð svikin.

Skerðingar og uppskipting

- Auk gríðarlegrar hækkunar veiðigjalda er gert ráð fyrir að 40% af aukningu aflamarks, Þorskur 202 þúsund tonn, ýsa 66 þúsund tonn, ufsi 50 þúsund tonn og steinbitur 14 þúsund tonn fara 60% samkvæmt aflahlutdeild og 40% til ríkisluta.
- Aflaheimildum skipt í tvo flokka, 1 og 2
 - Flokkur 1 - Þorskur 90,5%, ýsa 93,1%, ufsi 92,8%, steinbitur 90,2% og aðrar tegundir 94,7%.
 - Flokkur 2 - Þorskur 9,5%, ýsa 6,9%, ufsi 7,2%, steinbitur 9,8% og aðrar tegundir 5,3%.
- Bráðabirgðaákvæði II, 4 teg. + aðrar teg. varanlega í flokk 2
- Bráðabirgðaákvæði VII, fyrstu 4.500 t., yfir 177 þt.

13

Skerðing aflahlutdeilda

- Það er óásættanlegt að aðilar sem taka á sig skerðingar aflaheimilda þegar nauðsyn ber til vegna ástands fiskistofna, skuli ekki njóta afrakstursins þegar uppbygging tekst.
- Ákvæði 8. gr. frvp. um stjórn fiskveiða, grefur undan ábyrgri langtímahugsun varðandi umgengni við fiskistofnana.
- Þá stenst það ekki jafnræðisreglur að skerða aflaheimildir í ákveðnum fisktegundum umfram aðrar

14

Upptaka aflaheimilda

- Samtökin mótmæla harðlega hugmyndum um upptöku aflaheimilda og sölu ríkisins á þeim, sbr. 19. gr. ákvæðis til bráðabirgða VII, 2. mgr. 8. gr., 2. mgr. 18. gr., og þannig að gera allar útgerðir að leigulidum ríkisins.
 - Reynslan hefur sýnt að enginn rekstrargrundvöllur er fyrir útgerð sem byggir alfarid á leigukvóta og samkvæmt lýsingu aðila sem hafa stundað silkan rekstur hafa þeir stundað brottkast í stórum stíl.
- Þannig er ekki stuðlað að góðri umgengni um fiskistofnana með ríkisleigunni heldur stuðlað að skammtímasjónarmiðum.
 - Leiga ríkisins á aflaheimildum mun fráleitt leiða til styrkingar byggða, eins og látið er að liggja í frumvarpinu, heldur mun hún þvert á móti veikja byggðirnar.
 - Þar við bætist að margtöf hefur komið fram opinberlega að ekki hefur verið gert rétt upp við sjómenn þegar alfarid er gert út á leigukvóta.

15

Ríkishlutinn, flokkur 2

- Ríkishluta verður varið í byggðakvóta, línuvinnun, strandveiðar, skel- og rækjubætur
 - ... og til „útleigu“ – stærsti hlutinn – um 20 þúsund lgildi til að byrja með.
- Sveitarfélög fá hluta af „leiguverði“ eða 40% og markaðs- og þróunarsjóður tengdur sjávarútvegi 20%.
 - Áætlun ríkisins að leigt fyrir 2,5 til 3,5 m.a. til að byrja með. Gjaldtaka.
- Í ríkishluta er gert ráð fyrir 32 þúsund þorskígildistonnum til að byrja með.
 - Til samanburðar var um 11 þúsund þorskígildistonnum úthlutað í þessar hlíðarráðstafanir fiskveiðilánið 2007/2008.

16

Krókaaflamark

- Í lokamálslið 1. mgr. 16. gr. er kveðið á um að ráðherra geti sett reglur um leyfðan meðafli krókaaflamarksskipa.
- Samtökin mótmæla þessu ákvæði og telja að sömu reglur eigi að gilda um aflla aflamarksskipa og krókaaflamarksskipa að þessu leyti.

17

Mismunun viðhaldið

- Samtökin mótmæla allri mismunun sem felst í frumvarpinu hvað varðar strandveiðar, byggðakvóta, línuvinnun og fleira.
- Samtökin hafa itrekað lýst þeirri afstöðu að hætta eigi strandveiðum og fella það aflamark sem tekið hefur verið af öðrum og ráðstafað til þeirra undir aflahlutdeildarkerfið.
- Ákvæði um að ráðherra geti sett lágmarksdagafjölda fyrir hvert fiskiskip við strandveiðar er ávisun á veiðar umfram aflaheimildir. Fella ber þessa grein brott úr lögnum.
- Strandveiðar fela í sér sóun, óhagkvæmni, lakari meðferð afla, minni verðmætasköpun og taka störf af atvinnuöðnum

18

Bætur vegna viðkomubrests

- Samtökin telja réttlætanlegt að ráðstafa takmörkuðu magni tímabundið til útgerða sem verða fyrir verulegum skakkaföllum vegna viðkomubrests í einstökum fiskistofnum.
- Mikilvægt er að setja skýrar reglur um að jafnt sé tekið af öllum aflaheimildum til þessara ráðstafana, enda geti allar útgerðir notið þeirra þegar á reynir.
 - Í þeim tilvikum er sanngjærnt að útgerðir fái bætur eða styrki til að draga úr áhrifum rekstrarstöðvunar á tiltekna landshluta eða atvinnusvæði.
 - Samtökin mótmæla fyrirætlanum í frumvarpinu um að fella heimildir til þessara ráðstafana þarfa niður á þremur árum.
- Samtökin telja ráðstafa skuli að hámarki 12.000 tonnum árlega til þessara þarfa.

Áhrif takmarkana/skerðinga

- Þessar takmarkanir munu skerða fjármögnunarmöguleika fyrirtækjanna, hafa áhrif á lánskjör, veðhæfni og draga úr framþróun í sjávarútvegi.
- Þetta mun líka auka þrýsting lánardrottna á starfandi sjávarútvegsfyrirtæki um að greiða niður lán og aðrar skuldbindingar sem fyrst vegna óvissu í greininni.
- Þessi margháttaða skerðing varðar stjórnarskrávarin atvinnuréttindi handhafa aflahlutdeilda, sbr. 72. gr. stjkskr.

Inntak nýtingarleyfa

- Felur í raun í sér einhliða uppsögn núverandi réttinda og upptöku aflaheimilda á 20 árum
 - Með útgáfu leyfis, tapa handhafar aflahlutdeilda yfirráðum sínum yfir aflaheimildunum, eiga aðeins rétt á útgáfu nýtingarleyfis
- Ekki tvíhliða samningur, heldur einhliða leyfi sem skylt er að „gangast undir“
- Ráðherra metur sjálfur hvað er „grundvallarbreytingar“ fyrir uppsögn leyfa með þingsályktun
- Engin trygging framlengingarréttur til staðar
- Engin trygging fyrir því að handhafar aflaheimilda geti stundað atvinnu sína eftir 20 ár
- Þessi margháttaða skerðing varðar stjórnarskrávarin atvinnuréttindi handhafa aflahlutdeilda, sbr. 72. gr. stjkskr.

Samningstíminn

- Samningstíminn skiptir einnig miklu máli til að tryggja rekstraröryggi fyrirtækja, atvinnuöryggi starfsmanna, fjármögnun og lánskjör fyrirtækjanna, auk þess sem langur samningstími stuðlar að langtímahugsun og hvetur til ábyrgrar umgengni um fiskistofnana.
- Sá tími sem gert er ráð fyrir í frumvarpinu er of skammur til að ná framangreindum markmiðum, auk þess sem því fylgir skaðleg óvissa fyrir fyrirtækin að búa við það árlega að leyfunum verði sagt upp.

Samningaleiðin, forsendur

- Samtökin mótmæla því harðlega að gefin verði út leyfi af hálfu ríkisins í stað þess að gerðir verði samningar um afnot aflahlutdeilda.
- Útvegsmenn hafa verið reiðubúnir til viðræðna við stjórnvöld um að í stað ótímabundinna afnota aflahlutdeilda verði gerð sú grundvallarbreyting að gerðir verði tímabundnir samningar á milli ríkisins og útgerða um afnot aflahlutdeilda.
 - Í framhaldi af fundi samtakanna með formönnum stjórnarflokkana 25. júní 2010 samþykktu samtökin að fara svokallaða samningaleið.
 - Það er háð því skilyrði að afnotatíminn verði ásættanlegur sem og framlenging samningstímans.
 - Heimild í lögum til samninga um vatns- og jarðhitaréttindi í elgu ríkisins til allt að 65 ára með rétti til viðræðna um framlengingu þegar helmingur samningstímans er liðinn.
- Forsenda samningaleiðarinnar var sú að ef til tímabundinna afnota kæmi í stað ótímabundinna þá yrðu gerðir samningar milli ríkisins og útgerða,
 - ... þess sést hvergi stað í frumvörpunum.

Handhöfn aflaheimilda

- Handhafar aflaheimilda hafa ótímabundin afnot af aflaheimildum skv. lögum um stjórn fiskveiða og lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.
 - Réttur þessi er varinn af eignarréttarkvæðum stjórnarskrávarin.
- Þrátt fyrir að útvegsmenn eigi ríkari rétt til aflahlutdeilda en aðilar sem semja í fyrsta sinn við ríkið um afnot vatns- og jarðhitaréttinda, þá eru samtökin reiðubúin til að takmarka samningstímann við 40 ár, með rétti til framlengingar þannig að jafnan þegar samningstími er hálfnaður, þá bætist jafnlangur tími og liðinn er við þann tíma sem eftir er.

Stjórnsýslueftirlit

- Í m. lið 1. tl. 45. greinar er lagt til að einfalda stjórnsýslueftirlit Fiskistofu með því að gefa stofnuninni heimild til að leggja á stjórnvaldssektir, í stað þess að brot gegn lögnum sæti opinberri ákæru og verði útkljáð sem sakamál.
- Samtökin mótmæla því harðlega að Fiskistofa fái heimild til að leggja á stjórnvaldssektir vegna allra tegunda brota.
 - Með því hefur Fiskistofa bæði á hendi eftirlits- og rannsóknar og sektarheimildir.
 - Heimildin verður að takmarkast við einföldustu málin, til að tryggja rétta málsmeðferð og réttaröryggishagsmuni þeirra sem teljast brotlegir.
- Önnur mál eiga að sæta opinberri ákæru og falla undir lög um sakamál.

UM VEIÐIGJÖLD

Próun veiðigjalda frá 2000

- Eftir að Auðlindanefnd lauk stórum árið 2000 og í framhaldi af starfi nefndar um endurskoðun á lögum um stjórn fiskveiða var ákveðið að leggja á svokallað veiðigjald sem nam 9,5% af reiknaðri framlegð útgerðarinnar.
- Gjaldid var hækkað í þrepum úr 6% fiskveiðilárid 2004/2005 og kom fyrst að fullu til framkvæmda á fiskveiðilárinu 2009/2010.
 - Vegna stórfellds niðurskurðar þorskafla 2007 var gjaldid þó lækkað í 4,8% fiskveiðilárin 2007/2008 og 2008/2009 og ekki var innheimt veiðigjald vegna þorsks á sama tímabili.
- Gjaldid var hækkað í 13,3% af sama stofni með lögum nr. 70/2011 um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða.
- Samkvæmt frumvarpi til laga um stjórn fiskveiða, þskj. 1475-827. mál á 139. lögjafarþingi var gert ráð fyrir að hækka hlutfallið í 19% af sama stofni.
- Hefði frumvarp til laga um veiðigjöld verið komið að fullu til framkvæmda árið 2010 hefði það numið yfir 60% af þessum sama stofni og meiru en öllum hagnaði útgerðarinnar.
- Þetta sýnir vel hversu langt frumvarpshöfundar eru komnir frá hugmyndum um hóflegt auðlindgjald.

Almenna veiðigjaldið

- **Almennt veiðigjald** sem verður 8 krónur á þorskigildiskiló af úthlutuðu aflamarki, öðrum aflaheimildum eða lönduðum afla. (Nú er gjaldið 9,46 kr. á þorskigildi mv. 13,3% af reiknaðri framlegð útgerðarinnar.)
- Ákvæði um almennt veiðigjald felur í sér mismunur gagnvart ýmsum atvinnugreinum sem nýta náttúruauðlindir.
- Skilgreining á þeim kostnaði sem gjaldinu er ætlað að standa straum af er afar óljóst og víðtækt, en skv. skýringum með frumvarpinu á fjárhæð veiðigjaldsins að koma til endurmats þegar þurfa þykir og hægt að fella nánast hvað sem er sem tengist stjórn fiskveiða undir gjaldið.
- Þá er gjaldið það hátt að það getur numið meira en öllum hagnaði í tilteknum veiðum við ákveðin skilyrði.

Sérstaka veiðigjaldið

- **Sérstakt veiðigjald**, í grunninn er um að ræða 70% gjald af metnum hagnaði bæði útgerðar og fiskvinnslu (að frádregnu almenna veiðigjaldinu) samkvæmt árgreiðsluaðferð.
 - Þar sem útgerðin á að borga vegna reiknaðs hagnaðar vinnslunnar þá verður þetta mun hærra hlutfall hjá mörgum útgerðum sem ekki eru með fiskvinnslu.
 - Stenst ekki ákvæði stjórnarskrár
- Bannað að framselja skattlagningarvald til að ákveða hvort leggja skuli á skatt, breyta honum eða afnema hann, 1. mgr. 77. gr. stjksr.
 - Veiðigjaldsnefndinni er framselt skattlagningarvald, þvert á skilyrði 40. gr. og 77. gr. stjksr.

Virðisrýrningun aflaheimilda

- Eins og málið er lagt upp í frumvarpinu virðist sem útgerðum beri að afskrifa aflaheimildir fyrir um 200 milljarðar á 20 árum.
- Þá leiðir frumvarpið og frumvarp um veiðigjöld til þess að virði aflaheimilda rýrnar umtalsvert og í mörgum tilvikum þannig að eigið fé fyrirtækjanna verður neikvætt og kröfuhafar geta krafist gjaldþrotaskipta.
- Þetta gengur gegn stjórnarskrárvörðum atvinnurétti útgerðanna og leiðir þar með til skaðabótaskyldu ríkisins.
 - Samtökin munu síðar leggja fram frekari gögn um áhrif virðisrýrnunar og afskrifa aflaheimilda á einstök fyrirtæki.

Skattlagning „óskyldra aðila“

- Samkvæmt frumvarpinu er ætlunin að skattleggja ætlaðan hagnað, bæði í útgerð og fiskvinnslu, skv. þeim aðferðum sem þar greinir.
- Skattinn á einungis að leggja á aflaheimildir og afla fiskiskipa og þannig er ætlunin að skattleggja útgerðir sem ekki stunda fiskvinnslu vegna afkomu óskyldra aðila í öðrum rekstri.
- Svo langt er gengið í þessa átt að útgerðir verða skattlagðar vegna hagnaðar fiskvinnslu sem kaupir hráefni af erlendum aðilum og vinnur á Íslandi.
- Þá virðist eiga að skattleggja útgerðir vegna sölu óskyldra aðila á aflaheimildum.

Afkoma „óskyldra aðila“

- Meint „renta“ er reiknuð af verðmæti vegna veiða og vinnslu
 - Afkoma óskyldra aðila er lög til grundvallar álagningu sérstaka gjaldsins, þ.e. aðilum í veiðum og vinnslu
 - Kaupi fiskvinnsla erlent hráefni til vinnslu er óskyldri útgerð gert að greiða veiðigjald vegna vinnslu þessa afla
- Með þessu er hagnaður eins aðila orðinn andlag skattlagningar hjá öðrum aðila
 - Það gengur ekki að leggja meðaltalstekjur og meðaltalsrekrarkostnað til grundvallar skattlagningar einstakra fyrirtækja, eins og gert er ráð fyrir í frumvarpinu.
 - ... teja verður að þessi aðferð við skattlagningu fái tæplega staðist þau sjónarmið sem leggja þer til grundvallar álagningu.
- Það er verulegt álitæfni hvort sé háttur að leggja afkomu einstakra aðila til grundvallar skattlagningu hjá öðrum aðilum, s.s. skattlagning aðila sem hafa lakari afkomu vegna betri afkomu annarra aðila, standist jafnræðisreglu stjórnskipunarréttar

Smábátaundanþágan

- Samtökin mótmæla þeirri mismunum sem frumvarpið felur í sér að því leyti að stór hluti smábáta verður undanþeginn sérstöku veiðigjaldi.
 - Það stenst ekki jafnræðisreglu stjórnarskrárinnar.
- Sú réttlætning sem sett er fram í athugasemdum, að ýmis fastur kostnaður fylgi hverri einingu í útgerð, á ekki við rök að styðjast, enda er tekið tillit til smábáta í hinni svokölluðu árgreiðsluáferð með sama hætti og stærri skipa.

Afturvirk skattlagning, mörk ...

- Afturvirk skattlagning, 2. mgr. 77. gr. stjkskr.
 - Með vísan til 10. gr. frumvarpsins til gildistökuákvæðisins í 15. gr. frumvarpsins og við lestur ákvæðis til bráðabirgða að til grundvallar álagningu gjaldsins árin 2012 og 2013 séu lagðar forsendur sem urðu til fyrir ætluðu gildistöku frumvarpsins
 - frumvarpið gæti því fallið í sér afturvirka skattlagningu sem fer í bága við 2. mgr. 77. gr. stjkskr.
- Mörk skattlagningar og eignaupptöku, þ.e. 70% hlutfallið
 - Fára má gild rök fyrir því að sú skatteimta sem fyrirhuguð er skv. frumvarpinu fari út fyrir mörk 72. gr. stjkskr. sem varðar því bótaskyldu ríkisins.

Mat Deloitte ...

- Deloitte hf. telur í skýrslu sinni að áhrif af samþykkt frumvarpanna leiði til þess að sjávarútvegur verði óhagkvæmari og það skerði lífskjör þjóðarinnar.
- Virðisryrnun aflaheimilda veruleg á fyrsta ári og að fjárstreymi sjávarútvegsins í heild dugi ekki til greiðslu á núverandi skuldum.
- Óeðlilegt að auðlindagjald sé greitt af afkomu fiskvinnslunnar.
- Veiðigjaldið leggst á landsbyggðina. Um 87% af veiðlheimildunum eru staðsettar á landsbyggðinni.
- Fjárstreymi sjávarútvegsins í heild dugur ekki til greiðslu á núverandi skuldum.
- Virðisryrnun aflaheimilda veruleg á fyrsta ári.
- Veiðigjaldafrumvarpið kemur verst við þau félög sem hafa fjárfest í sjávarútvegi undanfarin ár. Greind voru 75 félög og 53 þeirra standa ekki undir hækkun á veiðigjaldi sem boðuð er. Frumvarpið kemur verst við minni og meðalstór félög.
- Renta greinarinnar er stórlega ofmetin þar sem ekki er tekið tillit til eðlilegra fjárfestinga og greiðslu núverandi skulda vegna fjárfestinga í sjávarútvegi.

Árgreiðsluáferð

- Við skattlagningu á metnum hagnaði er samkvæmt frumvarpinu stuðst við svokallaða árgreiðsluáferð sem Hagstofa Íslands beitir í allt öðrum tilgangi en sem þátt í því að búa til skattstofn.
- Aðferðin er ónothæf til ákvörðunar skattstofns þar sem ekki er tekið nægjanlegt tillit til þeirra verðmæta sem nauðsynleg eru til rekstrar, afskrifta og vaxta.
- Þá er ekkert tekið tillit til óþefnislegra eigna á borð við þekkingu, viðskiptasambönd, þróun, nýsköpun og reynslu sem skapað hafa mikil verðmæti í fyrirtækjunum

Stofn veiðigjalds

- Stofn veiðigjaldsins er allt of hár samkvæmt frumvarpinu. Verðmat skipa er of lágt sem og mat á öðrum eignum. Annars vegar er miðað við váttryggingarmat skipa en hins vegar kostnaðarverð annarra eigna sem ekki er uppfært í samræmi við verðlagsbreytingar.
- Frumverð skipa er mun hærra en váttryggingarmatið. Ekkert tillit er tekið til verðmæta keypra aflaheimilda en viðskipti með aflaheimildir var nauðsynleg forsenda þeirrar hagræðingar og verðmætaaukningar sem orðið hefur frá því að aflahlutdeildarkerfið var innleitt.
- Ef ætlunin er að styðjast við árgreiðsluáferð verður að taka tillit til verðmætis keypra aflaheimilda og leggja það við fjármagnsstofninn, í stað þess að færa afskriftir þeirra til kostnaðar eins og að hluta til er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

37

Ofurskattlagning

- Skatthlutfallið 70% er það hátt að það felur í sér ofurskattlagningu sem ekki stenst ákvæði stjórnarskrárinnar um lögmæti skattlagningar.
 - Um er að ræða upptöku megin hluta þess hagnaðar sem greinin skapar og í mörgum tilvikum meira en alls hagnaðar einstakra útgerða. Þá er mikilvægt að menn geri sér ljóst að að þótt ríkið hækki gjaldtöku sína verulega eins og hér er lagt til, munu tekjur ríkissjóðs ekki aukast vegna neikvæðra áhrifa frumvarpanna á verðmætasköpun, fjárfestingar og hagnað sjávarútvegsins.
- Þá leiðir ofurskattlagningin til þess að verðmæti aflaheimilda, sem í mörgum tilvikum eru lang verðmætustu réttindi sjávarútvegsfyrirtækja, nýma verulega.
 - Eigið fé fjölmargra fyrirtækja lækkar verulega og verður jafnvel neikvætt sem leiðir til þess að kröfuhafar geta farið fram á uppgreiðslu lána eða gjaldprot þeirra.
- Þetta felur í sér ólögmæta eignaupptöku stjórnarskrárvinnna réttinda.

38

Þorskiðlisstuðullinn

- Miðað er við að gjaldið deilist á afla og aflaheimildir eftir svokölluðum þorskiðlisstuðlum sem er ónothæfur mælikvarði í þessu efni.
- Ekki er tekið tillit til mjög mismunandi kostnaðar við veiðar einstakra og mismunandi fisk tegunda eða ólíks vinnslustigs landaðs afla við skilgreiningu á þorskiðlisstuðlum.
- Skipting skattsins á botnfiskveiðar og uppsjávarveiðar samkvæmt frumvarpinu dugar engan veginn til að ná fram réttri skiptingu gjaldsins á fisktegundir.

39

Hvaðan kom árangurinn?

- Frumvarpshöfundar virðast leggja áherslu á að lög um aflahlutdeildarkerfi hafi fyrst og fremst skapað þann árangur sem nást hefur í íslenskum sjávarútvegi.
- Það er rétt að lög um stjórn fiskveiða voru nauðsynlegur þáttur í því að bæta stöðu greinarinnar, en fjölmargt annað hefur komið til. Þar ber að nefna fjárfestingar í betri tækjum og búnaði, þróun veiða, vinnslu og afurða og markaðsstarf.
- Þá hafa sjávarútvegsfyrirtæki aflað Íslandi veiðireynslu úr deilistofnun og stofnum sem alfarið eru utan íslenskrar lögsögu.

40

Þáttur atvinnugreinarinnar

- Ekki má gleyma í þessu samhengi að það voru aðilar í sjávarútvegi sem fylgdu eftir markmiðum laga um stjórn fiskveiða um hagræðingu og sjálfbærni.
- Aflaheimildir voru keyptar og sameinaðar á færri skip, fjöldi skipa var úreltur, vinnslustöðvum var fækkað, tæknistig hækkað og hagrætt í greininni til að stuðla að arðsemi, án stuðnings ríkisvaldsins.
- Við þessa framþróun greinarinnar síðastliðna áratugi hefur verið stofnað til verulegra skuldbindinga og nauðsynlegt er að taka til þeirra.
- Eins og fram er komið tekur frumvarpið ekkert tillit til fjárfestinga í aflaheimildum og ekki nægilega til annarra þátta.

41

Framtíðarþróun vaxta

- Við ákvörðun þess hlutfalls sem notað er við mat á árgreiðslu ber að hafa í huga að þeir vextir sem sjávarútvegsfyrirtækjum bjóðast hafa hækkað verulega undanfarin ár.
- Ekki er tekið tillit til þessarar þróunar í frumvarpinu, sem skemmikinn enn frekar grunninn sem skapa á til útreiknings veiðigjalda.

42

Mismunun við álagningu skatta

- Samtökin telja ljóst að frumvarpið uppfylli ekki þær kröfur sem gera verður til laga um skattlagningu. Jafnræði við aðrar atvinnugreinar sem nýta náttúruauðlindir er ekki virt, gjaldtakan er óhófleg og skaðar möguleika greinarinnar til framþróunar og laskar samkeppnisstöðu hennar.
- Ákvæði um almennt veiðigjald felur í sér mismunun gagnvart öðrum atvinnugreinum.
- Skilgreining á þeim kostnaði sem gjaldinu er ætlað að standa straum af er afar óljóst og víðtækt, en skv. skýringum með frumvarpinu á fjárhæð veiðigjaldsins að koma til endurmats þegar þurfa þykir og hægt að fella nánast hvað sem er sem tengist stjórn fiskveiða undir gjaldið. Þá er gjaldið það hátt að það getur numið meira en öllum hagnaði í tilteknum veiðum við ákvæðin skilyrði.

Alvarlegir ágallar frumvarps um veiðigjöld

- Skýrleiki skattlagningarheimilda ábótavant
 - Sem dæmi um óskýrleika frumvarpsins má spyrja hvað séu þorskligildi í fiskvinnslu sbr. 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Önnur ákvæði 9. gr. eru í svipuðum dúr og gengur gegn meginreglum um að lög eigi að vera skýr og skiljanleg venjulegu fólki
- Skilyrði stjórnarskrár vegna til banns við framsali skattlagningarvalds
- Ákvæðin eru ekki fullnægjandi grundvöllur álagningar sérstaks veiðigjalds

Alvarlegir ágallar frumvarps um veiðigjöld

- Gjaldstofn sérstaks veiðigjalds getur er ekki nægjanlega skýrt afmarkaður til að hægt sé að byggja á honum skattheimtu
- Uppfærsla á tekjum og kostnaði samkvæmt ákvæðum frumvarpsins gengur ekki upp.
- **Samtökin leggja til að í öllum tilvikum verði veiðigjald reiknað af lönduðum afla, en aldrei af aflamarki.**

Verulega neikvæð áhrif

- Frumvörpin munu hafa mjög neikvæð keðjuverkandi áhrif á fyrirtæki í tengdum greinum og sveitarfélög um land allt, vegna minni fjárfestinga og lakari starfskjara.
- Í álitni LEX lögmannsstofu eru gerðar alvarlegar athugasemdir við frumvarp til laga um veiðigjöld með hliðsjón af kröfum 40. gr og 77. gr. stjórnarskrárinnar um skattlagningu.
- Þá er talið að það fyrirkomulag sem felst í frumvörpunum fáiast ekki staðist eignarréttarákvæði 72. gr. stjórnarskrárinnar án þess að til bótaskyldu ríkisins stofnist.

Fagleg vinna stjórnvalda og atvinnugreinarinnar

- Mörg önnur atriði í frumvörpunum leiða til óhagræðis og kostnaðar, fyrir utan auknar matskenndar heimildir sem ráðherra eru færðar í frumvörpunum, sem eykur enn meira á óvissu og bein afskipti stjórnvalda af atvinnugreininni.
- Þau frumvörp sem liggja fyrir Alþingi eru ekki til þess fallin að skapa sátt um framtíðarskipulag stjórn fiskveiða
- Samtökin fara þess á leit að stjórnvöld og atvinnugreinin vinni sameiginlega að endurskoðun laga um stjórn fiskveiða með það að höfuðmarkmiði að auka tekjur, minnka kostnað, efla langtímahugsun og tryggja atvinnugreininni stöðugt rekstrarumhverfi.